

28. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 22. júní kl. 10.00.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur I. Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

1. Samningur við ný eftirtalin aðildarsveitarfélög;

zGrafningshrepp, Gnúpverjahrepp, Skeiðahrepp, Laugardalshrepp, Biskupstungnahrepp, Grímsneshrepp, Hrunamannahrepp og Þingvallahrepp. Samningar staðfestir.

Við endurskoðun samþykktu fyrirtækisins verði tekið tillit til hinna nýju aðildarsveitarfélaga.

2. Staða framkvæmda og fjármála vegna þeirra.

Fram kom að viðbótar fjárþörf vegna þeirra er 12 milljónir króna en stofnkostnaðurinn stefnir í að verða um 66 milljónir króna. Netto kostnaðurinn við veginn að urðunarsvæðinu er áætlaður um 16 milljónir. Annar stofnkostnaður telst til urðunarsvæðisins sjálfs, þ.e. allur annar framkvæmdakostnaður netto, s.s. rannsókn- og undirbúningskostnaður, hönnunar- og eftirlitskostnaður, aðstöðuhús, gróðursetning og fegrun svæðisins, hreinsimannvirki, botnþétting, lagnakerfi og urðunarrein.

Framkvæmdastjóra falið að leita eftir langtímaláni með hagstæðustu kjörum sem bjóðast á lánamarkaði.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að leita áfram eftir þátttöku Vegagerðar í veg framkvæmdum að sorpurðunarsvæðinu en fram kom að nú þegar hefur sýsluvegasjóður Árnassýslu veitt 400 þús. kr. til þeirra.

3. Framkvæmdastjóri kynnti drög að samningum við Ræktunarsambandið og Fossvélar varðandi rekstur svæðisins.

4. Kynnt var erindi frá Bæjarráði Selfoss vegna erindis Björns Guðbrands Jónssonar um jarðvegsgerð úr úrgangi.

Ákveðið að taka ekki afstöðu til erindisins fyrir en að loknu tilraunaverkefni Sorpu á þessu svæði.

5. Framkvæmdastjóra falið að kanna möguleika á endurnýtingu sorps, s.s. timburs og pappírs.

6. Aðalfundur 1995.

Samþykkt að halda aðalfund að loknum sumarleyfum.

Fundi slitið kl. 11.30.

Guðmundur Hermannsson.

Karl Björnsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Þorvarður Hjaltason.